

# Föt sem framlag

Stóru-Vogaskóli er 190 barna grunnskóli sem staðsettur er í Sveitarfélaginu Vogum. Í vetur hefur valhópur 9. og 10. bekkjar unnið að verkefni sem kallast „Föt sem framlag“ og var það unnið í samvinnu við Rauðakrossdeild Hafnafjarðar. Í þessu verkefni eru útbúnir fatapakkar fyrir nýfædd börn sem sendir eru til þróunar- og neyðaraðstoðar í Hvíta-Rússlandi og Malavi. Starfsmaður Hafnafjarðardeildarinnar kom í skólann í byrjun annar og fræddi nemendur um verkefnið, hvert fatnaðurinn færi, hvernig honum væri pakkað og úthlutað. Einnig var þeim ráðlagt hvað væri hentugast fyrir þau að gera, s.s sauma peysur, buxur og þrjóna teppi og hafa þau unnið að því í vetur. Allir efnis- og garnafgangar hafa verið nýttir í þetta verkefni sem og garn og annað frá foreldrum. Einnig var ákveðið að koma fyrir í tilraunaskyni í setustofu á unglíngastigi körfu með garni og þrjónum. Hafa nemendur og gangaverðir svo verið iðin við það í vetur að þrjóna renninga úr ýmiskonar garni sem svo voru heklaðir saman í lítil barnateppi.

Í lok janúar fór valhópurinn til Hafnafjarðar með afrakstur vetrarins. Áshildur Linnet framkvæmdastjóri tók á móti hópnum og fræddi þau um starfsemi Rauðakrossins, hlutverk sjálfboðaliða og sýndi þeim einnig myndband frá Hvíta Rússlandi um aðstæður fólksins þar, hvernig fatasendingum frá Íslandi er úthlutað og fl. Hópurinn fékk að skoða aðstöðuna í húsinu hvaða verkefni eru í gangi og fengu þau líka að skoða Rauðakrossbúðina sem deildin rekur. Skemmtileg ferð og gaman að sjá hvað allir voru ánægðir og stoltir með sitt framlag.

Umsjón með verkefninu hafði Oktavía Ragnarsdóttir textílkennari.



Alls voru saumaðar fernar buxur, níu peysur, galli, níu húfur og vettlingar, og sex teppi voru þrjónuð, gerir aðrir betur.



Í lok janúar fór valhópurinn til Hafnarfjarðar með afrakstur vetrarins



Áshildur að sýna aðstöðuna



Í Rauðakrossbúðinni

Allir með sín stykki



Eyrún Erla



Hrafnhildur Ýr





Kristín Ósk og Sædís Rut



Aníta Ósk, Andrea Rún og Sædís María



Melkorka



Viktoría Ýr



Sigurbjörg Líf